

Skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 21. mars 2018  
Tilv. 2018030065

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu), 127. mál 148. löggjafarþings.**

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu), sem er 127. mál 148. löggjafarþings. Í frumvarpinu er lagt til að núgildandi a. lið 2. mgr. 4. gr. áfengislaganna verði breytt á þann veg að framleiðsla áfengis til einkaneyslu varði ekki lengur refsingu skv. 27. gr. laganna.

Virðulegt Alþingi er hvatt til þess að láta lýðheilsusjónarmið og samfélagslega ábyrgð ráð för við afgreiðslu frumvarpsins.

Eins og lagabreytingartillaga frumvarpsins er orðuð virðist gert ráð fyrir að sömu reglur skuli gilda um heimabruggun hvers kyns áfengis. Þannig er enginn greinarmunur gerður á öli og léttvíni annars vegar og sterku áfengi hins vegar. Þetta er í andstöðu við rétt flestra þeirra ríkja sem við höfum almennt kosið að bera okkur saman við. Benda má á að jafnvel í Bretlandi og Danmörku, þar sem áfengislöggjöf er talsvert frjálzari en samræmst gæti íslenskri áfengis- og lýðheilsustefnu, eru skorður settar við heimaframleiðslu eimaðra drykkja. Í Bretlandi krefst framleiðsla slíkra drykkja ávallt sérstaks framleiðsluleyfis og í Danmörku er áfengisgjald lagt á sterkt áfengi sem framleitt er til einkanota á meðan löggjafinn skiptir sér ekki af heimabruggun öls og léttvíns.

Rétt er að gera stuttlega grein fyrir löggjöf hinna norrænu þjóðanna þar sem áfengiseinkasala ríkisins er við lýði, en öll gera þau greinarmun annars vegar á áfengi sem inniheldur 22% af hreinum vínanda miðað við rúmmál eða minna og hins vegar áfengi sem inniheldur að rúmmáli meira en 22% af vínanda.

Í finnsku áfengislögunum nr. 1102/2017 er meginreglan sú að áfengi megi ekki framleiða án sérstaks leyfis. Í 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laganna er hins vegar kveðið á um að framleiðsla áfengis sem í er að rúmmáli að hámarki 2,8 % af hreinum vínanda sé undanþegið leyfisskyldunni. Í 4. tl. sömu lagagreinar er enn fremur kveðið á um að einstaklingar megi, án þess að afla framleiðsluleyfis, framleiða til eigin neyslu veika áfengisdrykki. Með orðalagi ákvæðisins „*får en enskild i sitt hem på något annat sätt än genom destillering tillverka svaga alkoholdrycker uteslutande för eget bruk*“. Veikt áfengi eða „*svaga alkoholdrycker*“ eru í 3. tl. 1. mgr. 3. gr. finnsku áfengislaganna skilgreindir þannig: „*en alkoholdryck som innehåller högst 22 volymprocent etylalkohol*“. Heimildin til heimabruggunar nær þannig ekki til eimaðs áfengis



eða áfengis sem inniheldur meira en 22% af hreinum vínanda miðað við rúmmál. Slík framleiðsla er ávallt leyfisskyld skv. 5. gr. laganna.

Sami greinarmunur er gerður í sænsku áfengislögunum, nr. 1622/2010, en undanþegin leyfisskyldu er framleiðsla til eigin neyslu á víni, öli og öðru gerjuðu áfengi eða „*vin, folköl, starköl och andra jästa alkoholdrycker*“, sbr. 2. mgr. 3. gr. 2. kafla laganna. Utan við heimildina fellur allt áfengi sem inniheldur að rúmmáli meira en 22% af hreinum vínanda, en vín er í 7. gr. 1. kafla laganna skilgreint þannig: „*Med vin avses en alkoholdryck som framställts genom jäsning av druvor eller druvsaft. Till vin ska även räknas sådant vin som i framställningen har tillsatts sprit framställd av vinprodukter och som har en alkoholhalt som inte överstiger 22 volymprocent.*“ Fortakslaut bann er skv. 1. gr. 2. kafla sænsku áfengislaganna við heimaframleiðslu sterkra drykkja.

Hliðstæðri nálgun er beitt í norsku áfengislögunum, LOV-1989-06-02-27. Þar segir í 1. mgr. § 6-1 að leyfi þurfi til framleiðslu áfengis. Framleiðsla til eigin neyslu á áfengi, sem ekki er sterkt, sé hins vegar undanþegin leyfisskyldu: „*Bevillingsplikten gjelder ikke tilvirkning til eget bruk av alkoholholdig drikk som ikke er brennevin.*“ Sérhver áfengur drykkur sem inniheldur meira en 22% af hreinum vínanda miðað við rúmmál telst samkvæmt norsku áfengislögunum sterkt áfengi eða „*brennevin*“ skv. 2. mgr. § 1-3: „*Med brennevin forstås drikk som inneholder tilvirket alkohol ublandet eller i blanding med andre produkter. Enhver drikk som inneholder 22 volumprosent alkohol eller mer, regnes som brennevin.*“ Framleiðsla áfengis sem fellur í þennan flokk þarfnast ávallt leyfis, óháð því hvort afurðin er ætluð til sölu eða einkaneyslu.

Ef greinargerð með fyrirliggjandi frumvarpi er skoðuð virðist tilgangur þess raunar einmitt vera að liðka fyrir heimabruddun öls og léttvíns til eigin nota í takt við réttarvitund almennings en ekkert er þar fjallað um framleiðslu sterkari drykkja. Verður að ætla að mistök hafi leitt til þess að greinarmunur hafi ekki verið gerður í lagabreytingartillögunni.

Virðingarfyllst,

Ívar J. Arndal  
forstjóri ÁTVR

Reykjavík  
21. Mars 2018.

Umsögn við 127. Mál, lagafrumvarp 148. Löggjafarþing [2017-2018](#)

Undirritaður hvetur löggjafarþing Íslands til að taka skref í 21 öldina.  
Ég styð þetta frumvarp.

Kveðja.  
Baldvin Gunnar Árnason

Reykjavík 22. Mars 2018

**Efni:** Umsögn IOGT á Íslandi um „frumvarp um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu)“. 148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 197 — 127. mál.<sup>[1]</sup>

**IOGT á Íslandi leggst eindregið gegn umræddu frumvarpi** og telur að samþykkt þess muni leiða til aukinnar áfengisneyslu í landinu. Það mun auka þann vanda sem neysla áfengis veldur. Áfengi er engin venjuleg neysluvara heldur lífrænt leysiefni, eitur sem er notað sem hugbreytandi vímuefni og er fíkniefni og eiturylf. Áfengi hefur mikla sérstöðu sem lögleg vara og fráleitt að um hana þurfi eða eigi að gilda sömu viðmið og ýmsar aðrar vörur.<sup>[2]</sup>

Bindindissamtökin IOGT vinna mikið með almenningi í grasrótastarfi, þar kemur fram mikil andúð samfélagsins á frumvarpinu. Frumvarp þetta er í algerrí mótisögn við heilbrigðisstefnu þessarar sem og fyrri ríkisstjórna.<sup>[3][4]</sup> Frumvarpið vinnur gegn samþykktum Alþingis í málefnum barna, kvenna<sup>[5]</sup>, jafnréttis og ofbeldis ásamt Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna<sup>[6]</sup> sem er hluti íslenskra laga.

Ef frumvarpið yrði að lögum og leyfilegt yrði að brugga heima eða framleiða áfengi til einkaneyslu, hvort sem er með eftirliti eða án, vinnur það á móti þeirri grundvallarsýn að áfengi sé engin venjuleg neysluvara. Skilgreiningin er mjög skýr í allri framsetni ngu Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).<sup>[7]</sup>

Það er stefna alþjóðasamfélagsins að draga úr notkun áfengis og ættu ráðamenn að taka virkari þátt í að koma sterkari böndum á alla þætti innflutnings, framleiðslu, sölu, dreifingu og markaðsvæðingu áfengra drykkja og tryggja eftirlit með þeim.<sup>[8]</sup>

Sagan er okkur í fersku minni og hefur kennt okkur margt. Áfengisneysla hefur í gegnum tíðina verið mismikil, oft nánast engin og ber ráðamönnum að kynna sér þá sögu, sérstaklega þeir sem halda að áfengi sé órjúfanlegur hluti af okkar menningu. Hér áður var um það bil áratugur, þar sem faraldur var í unglíngadrykkju. Með samhentu átaki tókst að snúa þeirri þróun við. Í gegnum tíðina hafa orðið mistök við heimaframleiðslu áfengis og neysla þeirra áfurða haft skelfilegar afleiðingar. Óheft og eftirlitslaus heimabruggun áfengis er til þess fallin að grafa undan þeim góða árangri sem náðst hefur í forvörnum. Mörg ríki heims líta til okkar í þeim málum og er módelið okkar kennt í að minnsta kosti 25 evrópulöndum.<sup>[9]</sup>

Með samþykkt frumvarpsins er opnað á aukið aðgengi að áfengi og þar af leiðandi aukna neyslu og aukinn vanda vegna áfengisneyslu. Í frumvarpinu eru engar takmarkanir á styrkleika þess áfengis sem heimilt yrði að framleiða án leyfa og eftirlits. Meðal annars með verðstýringu hafa íslensk stjórnvöld dregið úr neyslu sterks áfengis með góðum árangri.<sup>[10]</sup> Skaðsemi áfengis minnkar ekki við að heimila eftirlitslausa framleiðslu þess heldur eykur neyslu og eykur líkurnar að ungmenni komist í áfengi. Allar tilslakanir á lögum tengdum áfengisneyslu leiða til aukinnar heildarneyslu áfengis og eru í andstöðu við stefnu stjórnvalda.

Í fyrri umsögnum IOGT á Íslandi sem lesa má á vef alþingis, hafa komið fram margar traustar heimildir sem eru gefnar út á ábyrgð viðurkenndra stofnana, innlendra og alþjóðlegra um vandann sem neysla áfengis veldur. Af þeim er ljóst að vandinn vegna neyslu áfengis er gifurlegur og mikilvægt að leita allra mögulegra leiða til þess að halda honum í skefjum. Umfram allt eru þær þó staðfesting og áminning um að áfengi er engin venjuleg neysluvara og eðlilegt að um hana gildi um margt annað fyrirkomulag og reglur en ýmsar aðrar vörur.

#### Hér bætum við þó við nokkrum ábendingum:

Árlega er gefin út af IOGT-NTO og the Swedish Society of Medicine rannsóknarskýrslan „Áfengi og samfélagið“ (Alcohol and Society – a Research Report) og hver skýrsla skoðar afmarkað svið neikvæðra afleiðinga áfengisneyslu og fylgja hér nokkur dæmi:

Árið 2013 var áhersla lögð á áfengisneyslu *ungmenna*. Þar má sjá að neyslan er enn of mikil sem og skaðsemin. Niðurstaðan er að mikilvægt sé að viðhalda einkaleyfi ríkis á áfengissölu, ströngum lögum varðandi ölvunarakstur og háum skatti á áfengi.<sup>[11]</sup>

Árið 2014 var áhersla lögð á skaðsemi *höfdrykkju* og sýnt fram á miklu meira tjón af slíkri drykkju en áður var talið.<sup>[12]</sup>

Árið 2015 var áhersla lögð á *óbein áhrif* áfengisneyslunnar þar sem kom sterkt fram að neikvæðar afleiðingar áfengisneyslunnar er mikið samfélagsmeið.<sup>[13]</sup>

Árið 2016 var áhersla lögð á *krabbamein*. Þar kemur m.a. fram að níu tegundir krabbameina eru sterklega orsakatengd áfengisneyslu og í Svíþjóð eru 4,5% krabbameinsdauðsfalla tengd áfengi. Og 30% krabbameinstífla tengd áfengi eru tengd lítilli eða miðlungs neyslu. Ekki var fjallað um aðra sjúkdóma tengdum áfengi eins og geðsjúkdóma.<sup>[14]</sup>

Árið 2017 var lögð áhersla á tengsl áfengisneyslu og ofbeldis. Fjallað er um áhrif ofbeldis tengt áfengisneyslu og áhrif þess á heilsuna. Bent er á leiðir til að draga úr ofbeldi og er takmörkun á aðgengi snar þáttur í því.<sup>[15]</sup>

Prófessor Tim Stockwell kom til landsins í september 2017, hélt ráðstefnu í Háskóla Íslands og átti fund með fulltrúum IOGT á Íslandi og stjórnvöldum ásamt fulltrúa Lanlækniseimbættisins. Tim sagði á ráðstefnunni að flest ríki heims ásamt alþjóðastofnunum ynnu að bættari lýðheilsu og sjálfbærnimarkmiðum og munu allar tilslakanir á áfengislöggjöfni væri óheillaskref sem hefði óafturkræf áhrif á einstaklinga og íslenskt samfélag.

Sterk tengsl eru milli áfengisneyslu og kynbundins ofbeldis. Í samþykktri þingsályktun<sup>[16]</sup> um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016–2019 er grein um samstarfsverkefni þriggja ráðherra um aðgerðir gegn ofbeldi. Markmið verkefnisins verði að bæta samvinnu og verklag við ofbeldisforvarnir og að styrkja samstarf við rannsókn ofbeldismála. Auk samvinnu milli stofnana verði rík áhersla lögð á samvinnu við frjáls félagasamtök. Að auka fræðslu- og forvarnastarf sem byggist á rannsóknum og faglegri þekkingu.

Samfélagslegur kostnaður vegna áfengisneyslu á Íslandi hefur verið reiknaður út í meistararitgerð Ara Matthíassonar 2010 en þar skiptir hann kostnaði í beinan og óbeinan kostnað og er útkoman 50 – 80 milljarðar á ári.<sup>[17]</sup> Reiknað upp til ársins 2018 eru efri mörkin nú yfir 100 milljarðar. Þessi upphæð eykst í samhengi við aukna neyslu ef frumvarp þetta verður samþykkt.

Ísland er aðili að sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.<sup>[18]</sup> Ljóst er að áfengisneysla hefur neikvæð áhrif og hindrar að minnsta kosti 13 af 17 markmiðunum og 52 af 169 undirmarkmiðum. Þetta frumvarp sem yrði til þess að auka áfengisneyslu er í hrópandi ósamræmi við gildandi samþykktir þar um.<sup>[19]</sup> Alþjóðahreyfing IOGT hefur sett saman upplýsingarit um hvernig áfengi hefur áhrif á markmiðin og vinnur gegn sjálfbærniþróun í heiminum.<sup>[20]</sup> Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) bendir á að áfengi er stór þáttur í ósmittæmum sjúkdómum og hvetur allar þjóðir til að draga úr áfengisneyslu.<sup>[21]</sup>

Í skýrslu velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánum samböndum.<sup>[22]</sup> kemur skýrt fram „Stjórnvöld beiti markvissri áfengisstefnu sem hafi það að markmiði að draga úr áfengisneyslu og ölvun og þar með ofbeldi sem tengist henni. Áhrifaríkustu forvarnir eru verðstýring og takmarkað aðgengi að áfengi.“

Þann 16. mars 2017 sagði Þorsteinn Víglundsson þáverandi félags og jafnréttismálaráðherra á ráðstefnu UN women í verkefninu HeForShe „We strongly encourage men and boys everywhere to become agents of change.“ Þar talaði hann um að vinna skuli að jafnrétti. Aukið aðgengi að áfengi er ekki rétta leiðin til þess samkvæmt aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar. Aukin neysla áfengis mun alltaf bitna meira á konum hvað varðar neikvæðar afleiðingar áfengisneyslunnar.<sup>[23]</sup>

Í fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um biðlista á Vogu frá Sigurði Páli Jónssyni<sup>[24]</sup> svarar heilbrigðisráðherra því að á biðlista séu 570 á Vogu, 20 á Landspítala og 50 á Hlaðgerðarkoti. Hér er ekki rædd staða á börnum og ungmönnum sem fá aðstoð annarsstaðar. Á árinu 2018 fær SÁÁ 840 milljónir.<sup>[25]</sup> Í frétt frá SÁÁ kemur fram að það dugir ekki einu sinni fyrir launakostnaði.<sup>[26]</sup> Ljóst er að með því að auka aðgengi og leyfa áfengisauglýsingar aukast neikvæðar afleiðingar áfengisneyslunnar. Það vinnur gegn lýðheilsu markmiðum. Ekki má gleyma að hér er um manneskjur að ræða.<sup>[27]</sup>

Í fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um hvort tekið sé tillit til forvarna og lýðheilsu frá Höllu Signýju Kristjánsdóttur<sup>[28]</sup> svarar heilbrigðisráðherra því til að sérstök áhersla sé lögð á forvarnir og lýðheilsu.<sup>[29]</sup>

Embætti Landlæknis gaf út í febrúar 2018 Talnabrunn<sup>[30]</sup> þar sem kemur fram að skaðlegt neyslumynstur sé árið 2017 hjá 40.000 körlum og 33.000 konum. Hér er mæld skaðleg neysla samkvæmt skilgreindum mælikvarða. Æ fleiri nýjar rannsóknir benda til þess að hvers kyns neysla sé skaðleg að einhverju leyti sbr. hjarta, æðarsjúkdómar og krabbamein.

**IOGT á Íslandi** er hluti af stærstu forvarnasamtökum heims. Meirihluti íbúa heimsins notar ekki kannabis eða önnur vímuefni. Yfir 62% heimsbyggðarinnar notar ekki áfengi og er það markmið IOGT að draga sem mest úr neikvæðum afleiðingum neyslu áfengis og annarra vímuefna. Við teljum að áfengis og vímuefnastefnan á hverjum tíma eigi að þjóna heildarhagsmunum samfélagsins og byggja á traustum rannsóknum. Áfengismál og önnur vímuefnamál eru veigamikill málaflokkur og mikið í húfi að stefnumörkun sem þau varðar séu byggð á niðurstöðum rannsókna og forðast ber stefnumótun sem byggist á einföldun, vanþekkingu og úrræðum sem ekki skila árangri eða vinna gegn heilsu einstaklinga og samfélags. Þess vegna á almenningur rétt á að stefna um áfengi og önnur vímuefni sé vel ígrunduð, unnin af vandvirkni og farið varlega í breytingar á aðgengi. Kostnaðurinn við að hefta aðgang að kannabis er lítilt miðað við þann kostnað sem hlýst af neyslu. Áfengis og vímuefnastefna okkar er sterk og horfa mörg ríki heims til hennar sem góðrar fyrirmyndar. Ef kannabísíðnaðinum tekst að veikja hana á Íslandi mun hann nota það til að veikja forvarnir í öðrum löndum.

## Fyrir hönd Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi

Björn Sævar Einarsson Formaður

Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri

[1] <http://www.althingi.is/altext/148/s/0197.html>

[2] [http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi\\_engin\\_venjuleg.pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf)

[3] <https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>

[4] <http://www.mbl.is/media/34/10134.pdf>

[5] <https://www.unric.org/is/frettir/27159-sameinueu-tjoenum-ber-ae-vera-oerum-fyrirmynd>

[6] <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheilidartexti.html>

[7] <http://www.who.int/mediacentre/factsheets/fs349/en/>

[8] <http://www.who.int/mediacentre/factsheets/fs349/en/>

[9] [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/04/01/islenska\\_modelid\\_vekur\\_athvgli\\_vida/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/04/01/islenska_modelid_vekur_athvgli_vida/)

[10] <https://arsskyrsla2016.atvr.is/>

[11] <http://iogt.se/wp-content/uploads/forskningsrapport-eng-20131.pdf>

[12] <http://iogt.se/wp-content/uploads/Alkoholrapport-2014-ENG.pdf>

- [13] [http://iogt.se/wp-content/uploads/Alcohol\\_and\\_society2015\\_en.pdf](http://iogt.se/wp-content/uploads/Alcohol_and_society2015_en.pdf)
- [14] <http://iogt.se/wp-content/uploads/Alkoholrapport-2016-2017-Engelska1.pdf>
- [15] [http://iogt.se/wp-content/uploads/IOGT-3300-Rapport\\_ENG.pdf](http://iogt.se/wp-content/uploads/IOGT-3300-Rapport_ENG.pdf)
- [16] <http://www.althingi.is/altext/145/s/1640.html>
- [17] <https://saa.is/wp-content/uploads/2015/03/ritgerd-ara-matthiassonar.pdf>
- [18] <https://www.unric.org/is/component/content/article/62-januar-2015/26384-17-sjalfbaer-trounarmarkmie>
- [19] <http://iogt.org/news/2017/06/25/13-sdgs-52-targets-affected-alcohol/>
- [20] <http://iogt.is/2018/03/22/alcohol-and-the-sustainable-development-goals/>
- [21] <http://www.who.int/mediacentre/news/releases/2018/world-leaders-ncds/en/>
- [22] <http://www.althingi.is/altext/139/s/pdf/1214.pdf>
- [23] <https://heforshe.is/barbershop-verkfaerakistan-kynnt-hofudstodvum-sameinudu-thiodanna/>
- [24] <http://www.althingi.is/altext/148/s/0172.html>
- [25] <http://www.althingi.is/altext/148/s/0300.html>
- [26] <https://saa.is/grein/framlog-rikisins-duga-ekki-fyrir-launum/>
- [27] <https://www.unric.org/is/frettir/27157-aeins-sjoetti-hver-fikill-hefur-aegang-ae-meefere>
- [28] <http://www.althingi.is/altext/148/s/0275.html>
- [29] <http://www.althingi.is/altext/raeda/148/rad20180226T172757.html>
- [31] <https://www.landlaeknir.is/utgefid-efni/skjal/item34462/>

Sæl,

Hér kemur okkar álit.

Bjórmenning og áhugi á Íslandi hefur tekið miklum breytingum síðasta áratug og áhuginn á bruggunarferlinu sjálfu fer einnig vaxandi. Úrvalið á mismunandi tegundum af bjór hefur aldrei verið meira og það sama gildir um eftirspurnina eftir fjölbreytileika.

Við erum hlynnt því að bann við heimabuggun verði aflétt, þar sem að heimabuggun er ekki sú sama og hún var áður þegar heimabugg snérist að stórum hluta að því að brugga sterkt vín, og þá áhrifanna vegna frekar en sem áhugi á tilraunastarfsemi. Við teljum að stór hluti þeirra sem myndu brugga í heimahúsum geri það vegna áhuga.

Kveðja Agnes hjá Kalda

Reykjavík  
21. Mars 2018

Umsögn við 127. mál, lagafrumvarp  
148. löggjafarþing 2017-2018

Er einn af fjölmörgum sem hafa stundað heimabrudd í nokkur ár og fagna þessu frumvarpi innilega. Við heimabruddarar erum það heppnir að eiga greiðan aðgang að gæðahráefni til að stunda okkar áhugamál og gerir það okkur kleift, með smá lagni auðvitað, að leggja áhersluna á gæðin. Því miður var þetta ekki raunin fyrir sirka 10 árum og voru þeir sem stunduðu þetta áhugamál mögulega meira að hugsa um magn en ekki gæði. Ætla að leyfa mér að fullyrða að hver einn og einasti sem stundar þetta áhugamál héraendis setji ávalt gæði fyrir sig frekar en magn og því tímabært að leyfa mönnum að stunda þetta áhugamál sitt án þess að lifa við hræðslu um sektir og refsingar.

Virðingafyllt

Eymar Plédel Jónsson



## Umsögn Fágunar, Félags áhugafólks um gerjun, um tillögu að breytingu á áfengislögum.



Gerjun drykkja hefur löngum verið stunduð hér á landi. Gerjun, hvort heldur með tilbúnu geri eða náttúrulegu, er sú aðferð að breyta sykrudum legi í léttan áfengan drykk, til dæmis áfengan berja- og ávaxtasafa, mjöð sem er að uppistöðu uppleyst hunang, síder sem er að uppistöðu eplasafi, bjór og léttvín. Gera má ráð fyrir að fjöldinn allur af Íslendingum geri léttan áfenga drykki á heimili sínu til einkanota sér til ánægju og yndisauka, þó svo nákvæm tala um þann fjölda liggi ekki fyrir.

Lög á Íslandi banna þó gerð áfengra drykkja sem eru yfir 2,25% vínandi að rúmmáli hvort heldur til einkaneyslu eða sölu. Þrátt fyrir það er almannaalítið á þá vegu að það sé í raun ekki ólöglegt athæfi að gera léttan áfenga drykki sem eru með meiri vínanda en mörkin leyfa og hefur þessi iðja almennt verið látin óáreitt af yfirvaldinu sé hún stunduð til einkanota. Í dag eru reknar nokkrar verslanir sem sérhæfa sig í að þjónusta áhugafólk um gerjun drykkja. Úrval og gæði hráefna er mjög mikið og almennt má segja að drykkir sem gerjaðir eru heima fyrir séu í háum gæðaflokki.

Í nágrennalöndum okkar og almennt í öllum vestrænum ríkjum ríkir sú regla að gerjun drykkja heima við til einkanota sé leyfileg. Ísland er eitt með mörk áfengisprósentu það lága að gerð flest allra léttan áfengra drykkja er í raun ólögleg.

Sú tillaga sem nú liggur fyrir hljómar svo:

1. gr.

Orðin „einkaneyslu eða“ í a-lið 2. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við lestur á 3. og 4. gr. áfengislaga má túlka það sem svo að með þessari breytingu sé þó ekki búið að útiloka leyfisskyldu til gerðar áfengra drykkja til einkaneyslu. Það er atriði sem mikilvægt er að skýra, enda er þetta hnútur sem verður að leysa sé ætlunin að gera heimaframleiðslu áfengis almennt löglega iðju.

Fágun leggur til að þetta verði skýrt með annarri hvorri af eftirfarandi leiðum:

- með viðbót við 4. grein 75/1998: "1. mgr. á þó ekki við um gerð léttis áfengis á heimili ætlað til einkanota."
- með viðbót við 4. grein 75/1998 sem áréttar sérstaklega að framleiðsla áfengis til einkaneyslu sé ekki leyfisskyld.

## Um Fágun

Félag áhugafólks um gerjun, eða Fágun, eru samtök fólks sem hefur sameiginlegt áhugamál að stuðla að bættri þekkingu og menningu í gerð gerjaðra matvæla. Tilgangur félagsins er að:

- Sameina áhugafólk um gerjun.
- Miðla þekkingu á gerð gerjaðrar matvöru og menningu henni tengdri.
- Stuðla að bættri ímynd heimagerjaðra matvæla.
- Stuðla að lagabreytingum til að heimila gerjun drykkja til einkanota.

Í starfssemi og reglugerðum félagsins vísar hugtakið gerjun til beitingar örvera í gerð matvæla og drykkja.

Í því skyni starfrækir félagið heimasíðuna [fagun.is](https://fagun.is) þar sem spjallhópar eru aðgengilegir öllum. Einnig stendur félagið fyrir námskeiðum, keppnum og viðburðum til að vekja áhuga almennings og félagsmanna á efninu.

Fágun – Félag áhugafólks um gerjun

Co. Þórgnýr Thoroddsen

Þórsgata 17

101 Reykjavík

Sími. 8234135

#vinnan/félagstörf

Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2018.

**Efni:** Umsögn um mál nr. 127, frumvarp til laga um áfengislög (afnám banns við heimabruddun til einkaneyslu).

### Fræðsla og forvarnir – FRÆ leggjast gegn samþykkt frumvarpsins.

Með því að heimila í lögum heimabrudd (framleiðsla áfengis til einkaneyslu án leyfa og eftirlits) er gengið gegn þeirri grundvallarsýn að áfengi sé ekki eins og hver önnur neysluvara. Forsendur hennar verða ekki skýrari en í framsetningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar:

*„Skaðleg notkun áfengis er alheimsvandamál sem leiðir til milljóna dauðsfalla, þar á meðal glatast líf hundruð þúsunda ungs fólks. Það er ekki aðeins orsakabáttur í mörgum sjúkdómum, heldur einnig áhrifaþáttur í slysum og ofbeldi..“<sup>1</sup>*

Þetta er í sjálfu sér næg forsenda þess að leyfisbinda alla þætti innflutnings, framleiðslu, sölu, dreifingu og markaðsvæðingu áfengra drykkja og tryggja eftirlit með þeim þáttum.

Óheft og eftirlitslaus heimabruddun áfengis er til þess fallin að grafa undan því viðhorfi að áfengi sé engin venjuleg neysluvara og slæva þá varúð sem nauðsynleg er við neyslu áfengis.

Með samþykkt frumvarpsins er opnað á aukið aðgengi að áfengi og þar af leiðandi aukna neyslu og aukinn vanda vegna áfengisneyslu. Í frumvarpinu eru engar takmarkanir á styrkleika þess áfengis sem heimilt yrði að framleiða án leyfa og eftirlits. Með verðstýringu hafa íslensk stjórnvöld reynt að draga úr neyslu sterks áfengis með góðum árangri. Skaðsemi sterks áfengis minnkar ekki við að heimila eftirlitslausa framleiðslu þess og aukna neyslu.

Allar ákvarðanir sem líklegt er að leiði til aukinnar heildarneyslu áfengis eru í andstöðu við stefnu stjórnvalda (sbr. Stefna stjórnvalda í áfengis og vímuefnum til ársins 2020) og ógna góðum árangri í að draga úr ávana- og vímuefnaneyslu íslenskra ungmenna.

Virðingarfyllst,



Framkvæmdastjóri Fræðslu og forvarna - FRÆ

<sup>1</sup> Global status report on alcohol and health. World Health Organization 2011.

*Þekking er þágu forvarna*

Reykjavík

22. Mars 2018

Umsögn við 127. mál, lagafrumvarp

148. löggjafarþing 2017-2018

Heimabruddun í þeim tilgangi að búa til þjór til einkaneyslu er stundað af vaxandi hóp einstaklinga sem nálgast þetta áhugamál af ástríðu sem getið hefur af sér menningu sem hefur alla burði til að mynda jákvæða arfleið fyrir okkar samfélag. Til að mynda með ábyrgari afstöðu gagnvart notkun áfengis.

Það sem einkennir þennan hóp er áhugasemi um gæði umfram magn, frjósemi hugmynda og útfærslu uppskrifta, útsjónasemi við tæknilegar útfærslur, og vilji til að deila reynslu, allt sem góðan og gildan félagsskap sæmir. Þessi félagsskapur hefur veitt fjölmörgum innblástur og möguleikann á að skerpa og byggja á sýnu áhugamáli til að gerast frumkvöðlar í starfsemi sem er tiltölulega nýlega spröttin upp á Íslandi, Micro brugghúsin.

Það skýtur því skökku við að áhugamál, sem er stundað af jafn mörgum og raun ber vitni, og gefur af sér reynslu og þekkingu sem undanfarin ár hefur leitt af sér fjölmörg ný fyrirtæki, sé refsivert og því styð ég þessa tillögu um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 um afnám banns við heimabruddun til einkaneyslu.

Virðingarfyllt,

Guðmundur Bragi Walters

Reykjavík  
21. Mars 2018

Umsögn við 127. mál, lagafrumvarp  
148. löggjafarþing 2017-2018

Undirritaður rekur verslun þar sem ég sel hráefni og búnað til framleiðslu á bjór. Stór hluti viðskiptavina minna eru heimabruggarar. Verslun mín og þekking er sérsniðin að heimagerðum bjór og því læt ég duga að ræða aðeins heimagerðan bjór en ekki annað heimagerert áfengi.

Heimabruggun á bjór er áhugamál sem hundruðir stunda hér á landi, sumir í leynd af ótta við þá staðreynd að heimabugg er ólöglegt á Íslandi með ríflegum refsiramma.

Bjórgerð í heimahúsum snýst ekki um framleiðslu á ódýru áfengi. Bjórgerð er margslungið áhugamál þar sjálfráða einstaklingar leggja alúð og metnað í eigin handverk þar sem saman kemur hugmyndaauðgi, þekking og reynsla. Mikill metnaður er lagður í gæði umfram magn og hafa keppnir um besta heimagerða bjórinn verið haldnar undanfarin 5+ ár af fágun, félagi áhugamanna um gerjun.

Því hefur oft verið borið fyrir að það hafi enginn haft áhuga á að breyta lögunum því þetta virki ágætlega eins og er; lögunum sé ekki framfylgt og því taki því ekki að breyta þeim. Núna finnst mér kominn tími til að gera áhugamál margra íslendinga löglegt og því styð ég þetta frumvarp heilshugar.

Fyrir hönd Hlekkir sf / Brew.is  
Hrafnkell Freyr Magnússon  
Eigandi

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 20. mars 2018

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (afnám banns við heimabryggun til einkaneyslu). 127. mál 148. löggjafarþings 2017-2018. Umsögn.**

Undirritaður fagnar frumvarpi því sem nú er fram komið á Alþingi er varðar afnám banns við heimabryggun til einkaneyslu. Gerjun áfengra drykkja hefur verið hluti af menningu mannkyns um aldaðir. Gerjun áfengra drykkja til einkaneyslu er lögleg á öllum hinum Norðurlöndunum. Það skýtur því óneitanlega skökku við að hún skuli vera bönnuð á Íslandi.

Undirritaður vill þó benda á að svo virðist sem frumvarpið geri ráð fyrir því að eiming áfengis til einkaneyslu verði einnig lögleg. Eiming áfengis krefst fullkominnar kunnáttu og tækni og afurðin, ef hún er gölluð getur valdið stórkostlegu heilsutjóni. Eiming áfengis til einkaneyslu er enda hvarvetna bönnuð á Norðurlöndunum.

Ef það er vilji löggjafans að eiming áfengis til einkaneyslu verði áfram bönnuð, sem ég tel að væri æskilegt, mætti taka af allan vafa um þetta atriði með því að bæta við frumvarpið málsgrein sem gæti hljóðað svo:

*Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr liður: að framleiða áfengi til einkaneyslu með eimingu.*

Undirritaður styður eindregið að frumvarpið verði að lögum með þessari breytingu.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Orri Egilsson  
áhugamaður um gerjun.

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2018  
1803011/0.4.1/rmj

**Efni:** Umsögn um mál nr. 127, frumvarp til laga um áfengislög (afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu).

Eftirfarandi umsögn um ofangreint frumvarp tekur fyrst og fremst mið af Lýðheilsusjónarmiði.

Áfengisvandi er rótgróinn hluti af íslenskri menningu. Til þess að takmarka og draga úr skaðlegum áhrifum áfengisneyslu er reynt að beita virkum aðgerðum. Takmarkað aðgengi að áfengi er stór hluti af þeim aðgerðum. Aðgengi að áfengi sýnir sig að hafa áhrif á heildarneyslu þess. Því meira aðgengi því meiri neysla. Þegar talað er um aðgengi er m.a. átt við fjölda útsölastaða áfengis, ríkiseinkasala áfengis, fjöldi og þéttleiki veitingastaða og hvort leyft sé að framleiða til eigin nota. Viðhorf til áfengis og notkun þess hefur einnig áhrif á heildarneysluna. Áfengi er ekki venjuleg vara og ætti framleiðsla þess að vera undir eftirliti og háð leyfum. Heimabugg er ekki einungis bruggun bjórs heldur eimun á sterku áfengi og geta aðstæður verið varasamar t.d. vegna hættu á slysum vegna aðstæðna eða veikinda. Að leyfa bruggun áfengis eins og lagt er til í umræddu frumvarpi er til þess fallið að færa til viðhorf til áfengis og notkun þess.

Allar breytingar á áfengislögum sem eru til þess fallnar að auka aðgengi að áfengi eða færa til viðhorf til áfengis munu leiða til aukinnar áfengisnotkunar og skaðlegum áhrifum. Skaðleg áhrif eru ekki einungis á þann sem drekkur heldur einnig á þriðja aðila t.d. maka, börn og ungmenni.

Allar aðgerir sem eru til þess fallnar að auka á heildarneyslu áfengis eru í andstöðu við stefnu stjórnvalda í áfengis og vímuevörnum til ársins 2020. Góður árangur í forvörnum þ.e. minnkun í áfengisdrykkju unglinga undanfarna áratugi gæti einnig verið stefnt í voða.

Embætti landlæknis og fagrað embættisins í áfengis og vímuevörnum varar því við því að eftirfarandi tillaga verði að lögum.

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir  
sviðsstjóri Áhrifaþátta heilbrigðis

Sveinbjörn Kristjánsson,  
verkefnastjóri

Seyðisfirði 21. mars 2018

Umsögn við 127. mál, lagafrumvarp um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu).

148. Löggjafarþing 2017-2018

Sem áhugamaður um bjór og bjórgerð vil ég koma á framfæri minni skoðun á lagabreytingu þessari.

Það er löngu ljóst að bann við heimagerðu áfengi er barn síns tíma og tímabært að breyta því til hins betra. Mikill fjöldi stundar nú þegar bruggun á bjór og er áhugi á bjórgerð í mikilli sókn. Með tilkomu lítilla brugghúsa sem nú spretta upp eitt af öðru, kemur þessi áhugi til með að aukast ár frá ári. Þeir sem gera bjór í heimahúsum eru ekki að selja heldur nota bjórinn til að gleðja fjölskyldu og vini við hin ýmsu tækifæri. Og vitaskuld til að njóta sjálfir.

Með því að aflétta banni við heimabruggun munu enn fleiri taka upp þetta skemmtilega áhugamál, og með því skapast atvinna í þeim verslunum sem selja búnað og hráefni. Einnig verður til þekkingin á bjórgerð sem byggir einmitt öll þessi litlu brugghús sem eru að koma fram á sjónarsviðið þessa dagana. Flest þeirra sem taka áhættu og stofna lítil fyrirtæki í þessum geira er fólk sem byrjaði að gera bjór í bílskúrum heima hjá sér.

Að þessu sögðu vil ég hvetja þingmenn til að taka þetta mál alla leið og gera áhugamál margra Íslendinga loksins löglegt og styð ég frumvarpið heilshugar.

Rúnar Gunnarsson

Bjóráhugamaður

Seyðisfirði





Berist til Alþingis Íslands

Efni: Umsögn í 127. Máli 2018: áfengislög, afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu

Umsagnarðaili: S.B. Brugghús ehf., Skipholti 31, 105 Reykjavík.

Reykjavík 22. mars 2018

Undirritaður framkvæmdastjóri S.B. Brugghúss ehf., sem er að hefja starfsemi lítills handverksbrugghúss í Reykjavík er mun starfa undir nafninu RVK Brewing Co. / RVK Bruggfélag, vill hér með koma á framfæri álitum við frumvarp til laga um að leyfa heimabruggun á áfengi til einkaneyslu.

Í dag er lagt bann við heimagerð áfengis yfir 2,25% að rúmmáli hvort heldur til einkaneyslu eða sölu. Þrátt fyrir bannið þá má ætla að hér á landi séu hundruðir aðila sem gera áfengi í háum gæðaflokki heima við sér til ánægju og yndisauka. Hér á landi starfa nokkrar verslanir með leyfum frá yfirvöldum sem sérhæfa sig í að selja hráefni og vörur til slíkrar framleiðslu án þess að fela þann tilgang. Í raun er heimagerð áfengis samfélagslega viðurkennd og látin afskiptalaus af lögreglu og yfirvöldum, svo framarlega sem það er ekki selt. Þó er refsiramminn vel skýrður og það virðist vera handahófskennt hvenær honum er beitt, sem getur varla talist heppilegt. Því ber annað hvort að hafa skýran ramma utan um lögin og framfylgja þeim, eða þá breyta þeim í takt við raunverulega framfylgni. Það er skoðun undirritaðs að gera eiga það síðarnefnda og leyfa heimagerð áfengis til einkaneyslu.

Ísland er eftirbátur allra Norðurlanda og flest allra landa sem það vill bera sig saman við þegar kemur að lögleiðingu heimagerðs áfengis til einkaneyslu. Í því sambandi er vert að benda á ágæta samantekt um það hvað er löglegt í hverju landi á vefsíðunni Wikipedia<sup>1</sup>. Þá er ástæða til að benda á að erlendis tíðkast það að gera greinarmun á gerð veiks og sterks áfengis. Veikt áfengi, svo sem bjór og vín, er gert með *gerjun* (e. fermentation), á meðan sterkt áfengi, svo sem brennd vín, er gert með *styrkingu* þegar gerjaðs drykkjar, þ.e. eimingu (e. distilling) eða

---

<sup>1</sup> <https://en.wikipedia.org/wiki/Homebrewing>

öðrum álíka aðferðum. Í raun er bara hægt að gera áfengi upp að um 15% að rúmmáli með gerjun. Þegar skoðað er hvaða tegund áfengis er leyfilegt að gera í heimahúsum í nágrannalöndum okkar þá er oftast leyfilegt að gera slíkt með gerjun, en hömlur eða bann er lagt við gerð áfengis með styrkingu. Það er skoðun undirritaðs að leyfa eigi skilyrðislaust gerjun á heimagerðu áfengi til einkaneyslu, en undirritaður hefur ekki skoðun á gerð áfengis með styrkingu.

Frá því bjór var aftur leyfður á Íslandi árið 1989 hefur orðið mikil breyting á viðhorfi fólks til áfengis. En þó er það svo að bjórmenning á Íslandi á enn nokkuð í land að ná því sem tíðkast í öðrum löndum í kringum okkur. Á Íslandi er neysla bjórs nær eingöngu bundin við eina tegund af bjór, sem er ljós lagerbjór. Þróunin erlendis á undanförunum árum hefur verið í átt að mun fjölbreyttari flóru bjórs. Þar kemur helst til að svo kölluðum *handverksbrugghúsum* hefur fjölgað mikið. Þau eru oftast nær stofnuð af frumkvöðlum sem hafa í heiðri ástríðu fyrir gæðabjór, sem eru framleiddir af natni úr úrvals hráefnum. Þessir frumkvöðlar eru oftast ekki heimabruggarar að upplagi sem hafa verið að þróa uppskriftir í leit að hinum fullkomna bjór og hafa fengið hvatningu frá vinum og vandamönnum að koma honum á framfæri, enda er hér oftast um að ræða vöru sem er fyllilega sambærileg við eða betri en það sem hægt er að kaupa í verslunum og flestum börum.

Í dag eru starfrækt eða eru að taka til starfa 22 sjálfstæð handverksbrugghús á Íslandi. Þau dreifast um allt land, sjá viðauka. Auk þess eru nokkur bruggfélög án eigin framleiðslutækja er nýta aðstöðu annarra brugghúsa, og svo eru stóru brugghúsin tvö með sérstök vörumerki fyrir bjór í hærri gæðaflokki. Fyrsta íslenska handverksbrugghúsið var stofnað árið 2006 og þeim hefur fjölgað hratt; u.þ.b. 3 af hverjum 4 eru stofnuð á s.l. 3 árum. Flest þessi nýju handverksbrugghús eru stofnuð af heimabruggurum, en ætla má að fyrrum heimabruggarar komi við sögu hjá nær öllum hinum brugghúsum líka. Þessi þróun er í samræmi við það sem er að eiga sér stað um allan hinn vestræna heim. Þetta gerist hér á landi þrátt fyrir að heimabruggarar þurfi að stunda sitt áhugamál og sinna vöruþróun í skugga laga sem banna þá iðju, ólíkt kollegum þeirra erlendis.

Litlu sjálfstæðu handverksbrugghúsin sinna mikilvægu hlutverki í sínu nærumhverfi. Þau skapa og auka fjölbreytni í atvinnu og draga að fólk. *Bjórúrismi* er nýyrði, en er þó vel þekkt fyrirbæri erlendis. Ætla má að hingað til lands komi árlega stór hópur ferðamanna í þeim helsta tilgangi að leita uppi spennandi íslenska bjóra, hvort heldur þeir fari á bjórhátíðir eða heimsækja brugghús og bari sem sérhæfa sig í handverksbjór. Þetta getur orðið mikilvægur liður í atvinnuuppbyggingu á næstu árum, sérstaklega úti á landi. Það er því mikilvægt að hlúa að þessum iðnaði, og hlúa að sprotanum sem verður til við heimabruggun. Lögleiðing á heimagerðu áfengi til einkanota er mikilvægt skref í þá átt.

Fh. S.B. Brugghúss ehf / RVK Brewing Co.



Sigurður P. Snorrason, meðstofnandi og framkvæmdastjóri

## Viðauki

<b>Sjálfstæð handverksbrugghús á Íslandi í lok mars 2018</b>	
Austri brugghús	Egilsstaðir
Bastard / brewpub *	Reykjavík
Beljandi brugghús	Breiðdalsvík
Bjórsetur Íslands	Hólum í Hjaltadal
The Brothers Brewery	Vestmannaeyjum
Brugghús Steðja	Borgarnes dreifbýli
Brugghúsið Draugr	Hvalfirði
Bruggkompaní	Akureyri
Bruggsmiðjan/Kaldi	Árskógssandi
Bryggjan Brugghús	Reykjavík
Dokkan brugghús *	Ísafirði
Eimverk distillery	Garðabæ
Gæðingur	Skagafirði
Húsavík Öl *	Húsavík
Jón Ríki brewery & restaurant	Höfn í Hornafirði
Malbygg	Reykjavík
RVK Brewing Co. *	Reykjavík
Segull 67 brewery	Siglufirði
Smiðjan brugghús *	Vík í Mýrdal
Ægir brugghús	Reykjavík
Ölverk	Hveragerði
Ölvisholt brugghús	Selfoss dreifbýli
* hefur ekki hafið starfsemi	
<b>Bruggfélög án rekstar sem nýta aðstöðu annarra brugghúsa</b>	
Einstök	Akureyri
IDE	Reykjavík
KEX Brewing	Reykjavík
Lady Brewery	Reykjavík
Mono. Brewing Project	Reykjavík
Öldur	Reykjavík
Ör Brewing Project	Reykjavík
<b>Önnur brugghús</b>	
Víking Brugghús	Akureyri
- Víking Craft Selection	
Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf.	Reykjavík
- Borg brugghús	

## Umsögn um:

### 148. löggjafarþing 2017-2018. Þingskjal 197 — 127. mál.

#### Frumvarp til laga um breytingu á áfengisögum, nr. 75/1998 (afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu).

Undirrituð sitja í Samráðshópi um forvarnir hjá Reykjavíkurborg og hafa kynnt sér frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, er varðar afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu.

Hópurinn samanstendur af sérfræðingum stjórnsýslusviða borgarinnar sem hafa með málefni barna og unglunga að gera. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að bann við heimabruggun til einkaneyslu verði afnumið. Undirrituð leggast eindregið gegn frumvarpinu þar sem afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu er á skjön við forvarna- og lýðheilsusjónarmið og gengur gegn stefnu Reykjavíkurborgar í forvörnum.

Frumvarpið tekur ekki til hversu sterkt heimabrudd megi vera né hver ber að hafa eftirlit með því að framfylgja því að framleiðsla verði einungis til einkaneyslu. Einkaneysla er heldur ekki skilgreind, þ.e. hvort að það eigi einungis við um þá sem framleiða heimabrudd eða hvort það eigi einnig við um gesti þeirra eða veislur á þeirra vegum.

Rannsóknir sýna að ein áhrifamesta leið í forvörnum er að minnka aðgengi að því sem getur valdið áhættu hegðun. Það myndi því skjóta skökku við að auðvelda aðgengi að áfengi og stefna þar með í hættu þeim árangri sem náðst hefur t.d. í minni unglíngadrykkju. Frumvarpið kemur einnig sérlega illa við börn og unglíngva vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem aukin neysla foreldra kynni að hafa á þau.

Gríðarlegur árangur hefur náðst í áfengisforvörnum síðustu ár og er það mat undirritaðra að þeim árangri verði ógnað verði banni við heimabruddi aflétt. Bent er á að neysla áfengis meðal unglíngva var með því mesta sem mældist í Evrópu árið 1997 en er í dag sú minnsta. Stefnuótun sem unnið hefur verið eftir hér á landi byggir á samstilltu átaki allra sem standa fyrir skipulögðu frístundastarfi barna og unglíngva, skóla, foreldra og stjórnvalda. Megininntak stefnunnar er að minnka aðgengi ungs fólks að áfengi og bjóða upp á félags- og frístundastarf þar sem vímulaus lífsstíll er hafður í heiðri. Sveitarfélögin í landinu með Reykjavík í fararbroddi hafa unnið eftir þessum áherslum og varið miklum fjármunum til uppbyggingar á aðstöðu og aukinni þjónustu fyrir börn og unglíngva ásamt því að efla stuðning við frjáls félagasamtök.

Telja undirrituð jafnframt að frumvarpið gangi á skjön við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna en þar er meðal annars kveðið á um að setja skuli það sem börnum er fyrir bestu í forgang og er lagasetning Alþingis ekki undanskilin þeim ákvæðum.

Með tilslökunum á áfengislögum er verið að færa til viðhorf og gildi samfélagsins gagnvart áfengi, gera þau jákvæðari og auka með því líkur á aukinni neyslu. Þar sem áfengi er ekki almenn neysluvara er eðlilegt að framleiðsla þess og framboð fari fram undir eftirliti hvað varðar magn framleiðslunnar, styrkleika áfengis, hreinlæti við framleiðslu og til að gæta þess að eitrun eigi sér ekki stað.

Í fyrstu grein áfengislaga, nr. 75/1998 segir: „Tilgangur laga þessara er að vinna gegn misnotkun áfengis“. Við teljum að frumvarp þetta sé í mótsögn við fyrstu grein Áfengislaga, því mælum við gegn frumvarpinu.

Reykjavík, 22. mars 2018.

Gísli Árni Eggertsson, íþróttá- og tómsundasviði  
Guðrún Halla Jónsdóttir, Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness  
Hólmsfríður G Guðjónsdóttir, skólastjóri Hólabrekkuskóla  
Ingibjörg Sigurþórsdóttir, Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness  
Magnús Arnar Sveinbjörnsson, umhverfis- og skipulagssviði  
Sigrún Sveinbjörnsdóttir, skóla- og frístundasviði  
Þóra Kemp, velferðasviði

21.3.2018

Umsögn við 127. mál, lagafrumvarp  
148. löggjafarþing 2017-2018

Ákvað að henda í eina umsögn um þetta frumvarp þar sem ég hef mikinn áhuga um heimabruggun þar sem ég hafði mikinn áhuga á bjór og allt sem kemur í kynni við hann hvort sem það eru efnafræðin á bak við hann eða bara bragð og lykt. Þetta er mér mikið áhugamál og ekkert er betra en að gera góða bjórupskrift líkt og maður gerir góða súpu Bjórmeningin hér á landi hefur breyst mikið á seinustu 20 árum og tel ég hana breyst til hins betra og með þessari lagabreytingu tel ég að við getum komist enn lengra með að gera bjórmeninguna betri að svo sögðu ætla ég að styðja þetta frumvarp alla leið

Unnar Eyfjörð <unnarfannarsson@hotmail.com>

## Umsögn um:

### 148. löggjafarþing 2017-2018. Þingskjal 197 — 127. mál.

#### Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu).

Undirritaðir verkefnastjórar hjá Reykjavíkurborg sem sinna forvörnum í hverfum borgarinnar hafa kynnt sér frumvarpið og gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Að breyta fyrirkomulagi á sölu áfengis á Íslandi er líklegt til að hafa viðtæk neikvæð áhrif á velferð þjóðarinnar og þá ekki síst á börn og unglinga. Þar sem fyrir liggur að aukið aðgengi að áfengi eykur neyslu á áfengi. Aukin neysla á áfengi hefur ekki einungis slæm heilsufars og félagsleg áhrif á þann sem neytir þess heldur einnig neikvæð áhrif á fjölskyldu viðkomandi og þá sérstaklega á börnin.

Einnig er óljóst hvernig eftirlit með heimabruggun yrði háttað. Áfengi er engin venjuleg neysluvara og því mikilvægt að áfengi verði áfram selt samkvæmt núverandi fyrirkomulagi, sem hefur hamlandi áhrif á aðgengið og um leið neysluna.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna ber stjórnvöldum að hafa það sem er börnum og unglingum fyrir bestu að leiðarljósi og tryggja þeim vernd. Barnasáttmálinn leggur mikla áherslu á að ríkisvaldið geri sitt til að forða börnum frá neyslu áfengis með því að leggja áherslu á forvarnir og reglur. Ísland er eitt fárra landa í heiminum sem hefur lögfest Barnasáttmálann og ætti því að taka skuldbindingar sem í honum felast af alvöru. Með hliðsjón af Barnasáttmálanum er vert að spyrja hvort það sé börnum fyrir bestu að auka aðgengi að áfengi með því að leyfa heimabruggun? Hafa ber í huga að aukin áfengisneysla foreldra og forsjáraðila getur raskað öruggu og barnvænu umhverfi.

Við sem vinnum að forvörnum barna og unglinga í Reykjavík viljum vekja athygli á því að frumvarpið fer gegn stefnu Reykjavíkurborgar í forvörnum. Í stefnu Reykjavíkurborgar er það alveg skýrt að forvarnarstarf er aldrei unnið í eitt skipti fyrir öll, heldur þurfa allir sem koma að forvörnum að halda vöku sinni og taka tillit til allra þátta sem geta haft áhrif á líðan og hegðun barna og unglinga. Rannsóknir á áfengisneyslu meðal íslenskra ungmenna síðastliðin tuttugu ár sýna fram á að við höfum náð mjög góðum árangri og ölvunardrykkja meðal íslenskra ungmenna er mjög lítil miðað við jafnaldra þeirra í Evrópu. Þessi árangur hefur náðst með samstilltu átaki foreldra, stofnana og félagasamtaka, sem vinna með unga fólkinu og takmörkuðu aðgengi að áfengi. Er ekki mikilvægt að gera allt sem í okkar valdi stendur til að viðhalda þessum góða árangri?

Við skorum á þingmenn að hafna frumvarpinu um afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu á forsendum velferðar barna og lýðheilsu markmiða.

Reykjavík, 21. mars 2018.

Guðrún Halla Jónsdóttir, Miðgarði - Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness  
Helga Margrét Guðmundsdóttir, Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis  
Sara Ósk Rodríguez Svönuðóttir, Miðgarði – Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness  
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

Svandís Unnur Sigurðardóttir, Þjónustumiðstöð Breiðholts  
Trausti Jónsson, Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts